

- ✓ - Skógrækt ríkisins, Mógið, Mógið
- Skógræktarfélag Reykjavíkur,
- Esjustofa / Pjetur Einar Árnason,
- Grundarhóll, landnr. 211576, leigutaki Anna
Grétarsdóttir, (leigutaki hjá Skógrækt ríkisins).

Borgartúni 7a, 105 Reykjavík
Sími 520-5600, rikiseignir.is
rikiseignir@rikiseignir.is

Reykjavík 6. nóvember 2015
Tilvísun: RE15030828/10.9.2.125733

Efni: Kláfur í Esjuhlíðum - Til umsagnar

Fjármála- og efnahagsráðuneytið og Ríkiseignir hafa unnið að gerð samnings um landnot og lóðarleigu í Esjuhlíðum undir rekstur kláfs milli Reykjavíkurborgar sem leigutaka og Ríkissjóðs Íslands sem leigusala. Samningsdrög þessi eru langt komin.

Um er að ræða samning um landnot og lóðarleigu um afmarkaðar lóðir eða landsvæði úr jörðinni Mógið fyrir kláf, sem mun fara upp á Esjutopp, auk tilheyrandi bygginga og aðstöðu. Sameiginlegt markmið aðila samningsins er að kanna möguleika þess að koma kláf fyrir í Esjuhlíðum á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Miðast mat á hagkvæmni við að náttúra og umhverfi verði fyrir sem minnstri röskun.

Samningurinn tekur fyrst og fremst til jarðarinnar Mógið í Reykjavík, landnr. 125733. Nánari afmörkun leigusvæðis er samkvæmt fyrirliggjandi uppdrætti af afmörkuðum lóðum og athafnasvæði kláfsins, dags. 16. september 2015.

Um er að ræða lóðirnar: Lóð A 6033 m² (aðkoma og bílastæði), lóð B 7470 m² (upphafsstöð) og lóð C (Rauðhóll) 5000 m², lóð D (endastöð) 5000 m² stærð. Gert er ráð fyrir að byggja kláf á lóð B sem hefur viðkomu á lóð C uppá topp á Esjunni og hefur endastöð á lóð D.

Leigusali skuldbindur sig til þess að leigja ekki svæði í umferðarleið kláfs 20 m til hvorar áttar. Leigutaka er heimilt að leggja undir umferðarleiðina leiðslur fyrir rafmagn, vatn og fráveitu. Heimilt er að leggja vegslóða í umferðarleið kláfs fyrir neyðarlosun kláfsins. Gæta skal að því að valda sem minnstu raski á jarðvegi og umhverfi.

Á lóðunum eru kvöð um bílastæði, þ.e. fjöldi og frágangur þeirra og aðkoma sé í samræmi við gildandi deiliskipulag. Leigutaki ber ábyrgð á kostnaði við gerð, viðhalds bílastæða og annarra stíga og vegaslóða sem nauðsynlegir eru til þess að tengja aðkomusvæði við kláf.

Einnig skal leigutaki kosta gerð stíga sem leggja þarf um svæðið eða lagfæringar á núverandi gönguleið til þess að fullnægt sé öryggiskröfum sem kunna að verða gerðar um björgunarleiðir. Heimilt er að leggja undir stíginn leiðslur fyrir rafmagn og vatn og fráveitu enda verði stíglarinn endurbættur í leiðinni. Hér á meðal er vegslóði sem liggur upp í um 480 metra hæð, örskammt frá lóð C. Heimilt er að styrkja þennan veg og nota til efnisflutninga á framkvæmdatíma og sem lokaðan þjónustuveg á rekstrartíma og til afnota fyrir rekstraraðila fiskeldsins, björgunaraðila og skógræktaraðila.

Endurgjald fyrir leigu og aðstöðu mun renna beint til Ríkissjóðs Íslands.

Með samningnum er land tekið af Skógrækt ríkisins og leigt til Reykjavíkurborgar. Gert er ráð fyrir endurbótum á göngu- og vegaslóðum í Esjuhlíðum. Jafnframt þarf leiðin undir kláfsstrenginn að vera greið. Samningurinn fer því inn á svæði það sem Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur verið með skógrækt og viðhald göngustíga á. Lóðir Grundarhóls og Esjustofu eru í námundan við lóðir merktar A og B.

Með bréfi þessu er yður veitt tækifæri til að koma með formlegar athugasemdir og ábendingar vegna þessarar hugmynda um uppsetningu kláfs í Esjuhlíðum. Veittur er umsagnarfrestur til 1. desember nk.

Virðingarfallst
fyrir hönd Ríkiseigna


Óskar Páll Óskarsson 
Ríkiseignir

